




Ljósman. Andrés Kolbeinsson.

Sýningarsalurinn

NÝTT sýningarfyrirtæki hefur verið stofnað í húsakynnum Alþýðuhússins við Hverfisgötu. Þar er vistlegt, og öllu haganlega fyrir komið til sýningar á listiðnaði og myndlist. Nú hefur fyrsta sýning þessa fyrirtækis verið opnuð og starfsemi sýningarsalarins hafin.

Okkar ágætu höfuðborg, Reykjavík, hefur vantað stað sem þennan, þar sem listiðnaður og myndlist er til sýnis og sölu þeim, sem áhuga hafa á að eignast slíka hluti. Salurinn gefur einnig þænum svip þeirrar borgar, þar sem unnið er að list, engu síður en að hinum víðtæku framkvæmdum, sem vekja athygli ferðamannsins og aðdána þeirra, er skilja fæðingarhríðir Reykjavíkur. Ég fagna því af alhug, að nú hefur tekið að hrinda í framkvæmd þessari tilraun til listverzlunar, þar sem almenníngi gefst tækifæri til að kynnaast því, sem listamenn og listiðnaðarmenn bæjarins hafast að. Þótt starf þetta sé hafið, er saga þess ekki öll. Nú kemur til kasta þeirra, er eignast vilja hlutdeild í því, að listverzlun og sýningarskáli sem þessi geti starfað og stutt að listkynningu, sem getur orðið mikill þáttur í menningarlífi Reykjavíkur.

Það hefur löngum verið þörf á sýningarsal, þar sem listamenn geta sýnt verk sín, án þess að þurfa að sýna margra ára vinnu í senn. Hér býðst nú nægilega rúmgóður salur til að hægt sé að koma fyrir snotrum og skemmtilegum sýningum, sem hvorki ættu að verða of umfangsmiklar fyrir listamennina né heldur gefa ófullnægjandi heildarmynd af verkum þeirra.

Sú sýning, sem fyrst hefur verið opnuð í Sýningarsalnum við Hverfisgötu, er með fádæmum skemmtileg og margþætt. Þar gefur að líta gott sýnishorn af myndlist og höggmyndum, og er öllu vel fyrir komið og nýtur sín vel. Listiðnaðurinn er fjölbreyttur og hver hlutur valinn. Þar eru margir gírnilegir hlutir til eignar á verði, sem mjög er í hóf stillt. Vonandi verður þess ekki langt að bíða, að þeir, sem eignast vilja listiðnað og yndi hafa af fögrum hlutum, verði þess áskynja, að hér eru tækifærin, og um leið er stuðlað að starfsemi, sem er ómissandi í hverjum þeim stað, er vill geta sagt með sannni, að listmenning sé snar þáttur í daglega lífinu, en íslenzka þjóðin hefur oft sinnis

sannað, að með henni býr skapandi máttur og sterk þjóðleg menning.

Ég skal ekki lengja þetta mál með upptalningum á sýndum og sérstökum verkum, en að lokum vil ég aðeins fullyrða, að sú sýning, er hér um ræðir, er þannig gerð, að þar er ánægjulegt fyrir alla að koma, og þar eru góð tækifæri til að eignast ýmislegt listmuna, er til ánægju má verða í eigu hvers manns.

Valtýr Pétursson.

Garnaveiki magnast í kúm í Rangárvallasýslu

Mykjunesi, 29. apríl.

EFTIR strangan vetur er nú sumarið komið með öll sín óleystu verkefni. Aprílmánuður hefur verið mildur, fáar frostnætur og fyrir nokkru er allur klaki úr jörðu. — Farið er að grænka, þó ekki sé hægt að segja að kominn sé gróður og er fé enn á gjöf. Um bænaðagana og fram á páska snjóaði öðru hverju og gerði hvíta jörð, en hvarf fljótlega aftur. Vonandi kemur nú sumar með sumri, enda veturinn nógu langur án „framlengingar“. Fénaðarhöld munu yfirleitt vera góð og menn heybirgir. Nokkuð er borið af ám víðs vegar um sveitina, en þó hvergi í mjög stórum stíl og hefst sauð-

burður ekki að fullu fyrr en 10.—20. maí.

Ennþá herjar hin hvítleiða pest á kýrnar víðs vegar, einhvers konar veiru-skíta; er það mjög alvarlegur kvilli og mun nú vera með útbreiddasta móti. Verðar kýrnar mjög veikar og dættur úr þeim mjólkinn og ná þær sér vart fyrr en um næsta burð. Menn eru teknir að velta fyrir sér hvort ekki sé hægt að framleiða varnarmeðul við þessum kvilla með blóðvatni úr sýktum kúm, og víst er um það, að eitthvað þarf að gera í þessum efnum, ef unnt er.

Mjög verður að telja ískygglegt að garnaveiki virðist vera að magnast í kúm hér í Rangárvallasýslu. Þegar fjárskiptin fóru fram vonuðu menn að garna veikiplágunni yrði útrýmt. En nú hefur orðið reyndin að í stað þess að áður var pestin í fénu, er hún nú í kúnum. Hefur nú í seinni tíð nokkrum kúm verið

„Veðrið“

„VEÐRIÐ“ heitir tímarit sem Félag ísl. veðurfræðinga gefur út og er það ætlað alþýðu manna og fjallar um veðurfræði. Koma út tvö hefti á ári og er fyrra hefti annars árgangs nýkomið út.

Í það ritar Jón Eyþórsson sem er form. ritnefndar, þáttinn „Úr ýmsum áttum“. Páll Bergþórsson ritar annál ársins 1956. Hlynur Sigtryggsson ritar fréttabréf frá Stokkhólmi, Guðmundur Kjartansson „Snjóboltar eftir rok í Selskarði“, Páll Bergþórsson greinina „Á Kili 1780“, Jónas Jakobsson ritar „Hitastig yfir Keflavík 1956“, Borgþór H. Jónsson ritar greinina „Vatn“. Auk þess er í ritinu tilvitnanir í gamla annála. Allt er efni ritsins hið fróðlegasta og skemmtilegasta aflestrar.

Afgreiðslustjóri ritsins er Geir Ólafsson og er afgreiðsla þess í Drápuhlíð 29.

Kom með brunninn lúkar

AKRANESI, 30. apríl. — Í morgun um klukkan 6,30 kom upp eldur í vélbátnum Svan héðan frá Akranesi, þar sem hann var úti á miðum sildarbáta, en skipsmenn allir á þiljum að taka inn netin.

Mikill eldur virtist vera niðri í lúkar. Var ógjörningur að komast þangað niður vegna reyks. Sótt voru handslökkvitæki og sjó dælt niður í lúkarinn, en hann síðan byrgður. Tókst þannig að kæfa eldinn á hálf tíma, en þá var lúkarinn allmikill brunninn. Svanur kom svo að landi með 75 tonnir sildar.

— Oddur.

lógað, er reynzt hafa veikar og sumar jafnvel aðfram komnar. Þyrfti að taka þessi mál fastari tökum en gert hefur verið undanfarið.

Nú eru menjar vetrarins óðum að hverfa, einn og einn hjarnskafi eftir og minnir á það sem var. Á öðrum stöðum eru svo grænir spótar er gefa fyrirheit um gróður sumarsins.

M. G.

Kvikmyndir:

Rauða hárið

BÆJARBÍÓ í Hafnarfirði sýnir um þessar mundir enska kvikmynd í litum er nefnist „Rauða hárið“. Segir myndin frá enskum aðalsmanni, sem er með þeim ósköpum fæddur að hann fær aldrei staðizt rauðhærðar konur, sér í lagi ef þær eru jafnframt grannleitar og spengilega vaxnar. Fellur hann fyrir þessum veikleika sínum þegar á 14. ári og má heita, að allt líf hans verði ánægjuleg undanlátsemi við þessa ástríðu hans. — Hann er að vísu kvæntur ágætri konu, en því miður ekki rauðhærðri, og því fór sem fór. En frá því verður ekki sagt hér. — Myndin er svo „týpískt“ ensk, að ég held að hún hefði ekki getað orðið til nema í Englandi, svo full af enskum húmor og hugsunarhætti að þar vantar ekkert á, og auk þess er það sem leikendum er lagt í munn bráðsnjallt og fyndið þó að lífsreglur hinna rosnu manna þar séu vafasamar og ef til vill ekki til eftirbreytni. — Hin frábæra skozka dansmar, Moira Shearer leikur þarna þrjú hlutverk, — rauðhærðar stúlkur, full yndisþokka og dansar eins og engill. — Annað aðalhlutverkið, hinn breyska eiginmann, leikur John Justin með miklum ágætum og vin hans Oscar leikur Roland Culver af frábærri sníld. — Sem sagt, myndin er einhver sú besta gamanmynd og skemmtilegasta, sem ég hef séð um langt skeið.

Stjórnarliðar í Neðri-deild fella aukin fjárframlög til bygginga íbúðarhúsa í sveitum

Í GÆR var til 2. umræðu í Neðri deild frv. um landnám, ræktun og nýbyggingar í sveitum. Urðu um það talsverðar umræður og þá fyrst og fremst um breytingartillögu þeirra Jóns Pálmasonar og Gunnars Gíslasonar um að samkv. 26. gr. verði veitt árlegt framlag til íbúðabygginga einstaklinga á nýbýlum krónur 2 milljónir í stað 1½ millj. sem í frumvarpinu stendur og breytingartillögu sömu manna um að árlegt framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðs sveitabæja verði 5 milljónir í stað 2½ millj., sem í frumvarpinu stendur.

Framsögumaður landbúnaðarnefndar Neðri deildar, Ásgeir Bjarnason fylgdi frumvarpinu úr hlaði og skýrði það ásamt einstökum breytingartillögum, sem við það höfðu verið samþykktar í nefndinni, en þær voru alls 21.

Benedikt Gröndal ræddi einnig nokkur atriði frumvarpsins.

Jón Pálmason sagðist hafa getið þess við 1. umræðu, hvaða atriði hefðu verið dregin út úr frumvarpinu, sem hefðu verið í tillögum millipinganevndarinnar. Hann kvað framsm. hafa réttlæga getið þess að samkomulag hefði náðst um nokkrar minni háttar breytingar í nefndinni, en hins vegar hefði ekki orðið samkomulag um tvær veigamestu breytingarnar og því bæri hann þær nú fram á sérstöku þingskjal í ásamt Gunnari Gíslasyni. Hann kvaðst hafa í nefndinni ásamt Jóni Sigurðssyni lagt mikla áherzlu á það að létta meira undir með frumbýlingum við byggingu íbúðarhúsa. Hann

kvaðst áður hafa orðað það að rétt væri að landnáminu væri gert fært að skila íbúðarhúsum fókheldum í hendur frumbýlinga svipað og gert er með hús, sem byggð eru sums staðar á vegum kaupstaðanna. Hann kvað tillögunu um að ríkið legði fram 25 þús. kr. til frumbýlismanna vera spor í rétta átt. Hins vegar væri nú svo komið að þessi upphæð myndi ekki gera meira en svara til þess aukna byggingarkostnaðar sem hefði orðið á húsum frá því núverandi ríkisstjórn tók við völdum. Hann kvað það framlag, sem gert væri ráð fyrir í frv. ekki nægja til að greiða þeim, sem rétt ættu til þess. Um 80 manns myndu eiga rétt til framlagsins, en það nægði aðeins fyrir 60 frumbýlinga. Hér væri þó aðeins um að ræða nýbýlamenn, en leysti ekki vanda bænda almennt við byggingar íbúðarhúsa. Því væri farið fram á hækkað framlag til byggingarsjóðs, svo unnt væri að hækka lánin í 100 þús. kr.

Jón Pálmason kvaðst líta svo á að það væri ekki fyrst og fremst ræktunin, sem þyrfti fjárstuðning nú, heldur byggingarnar. Með því að taka burtu þetta ákvæði, sem verið hefði í tillögum millipinganevndarinnar, væri verið að fella burt þýðingarmesta atriði frv. Jón benti einnig á að margir bændur hefðu ekki svo mikið ræktanlegt land, sem frv. gerði ráð fyrir að þeir ættu að rækta. Einnig væru slæmar samgöngur og vöntum véla orsök þess að sumir hefðu dregið aftur úr við ræktunina. Hann lagði enn áherzlu á að ef

þingmenn vildu stuðla að verulegu átaki til styrktar landbúnaðinum mættu þeir ekki fella þær tillögur, sem hér um ræddi.

Ásgeir Bjarnason var á öndverðri skoðun við Jón Pálmason. Sagði hann að ræktunin væri hinn fjárhagslegi grundvöllur, sem leggja yrði undir landbúnaðinn og því væri hún aðalmál þessa frv. Þá benti hann á að löggjafanum væri í löfa lagið að hækka þetta framlag, þar sem í frv. stæði að framlagið ætti að nema minnst þeim upphæðum, sem um gæti.

Ingólfur Jónsson tók fram að enn skorti stórlega fé til flestra greina landbúnaðarins. Hann kvað sér vart koma til hugar að Ásgeir Bjarnason og Ben. Gröndal, sem hér hefðu talað, myndu greiða atkvæði gegn þessum tillögum. Þeir vissu að fé það, sem áætlað væri í frv. væri ekki nægilegt til þess að greiða þau framlög, sem ráðgerð væru í næstu málgrein á undan í sama frv. Það væri blekking að setja lög um fjárveitingar, nema um leið væri gert ráð fyrir öflun fjárins. Ef tillagan yrði felld yrði um leið að lækka framlagið til frumbýlinganna niður í 18—19 þús. kr. í stað 25 þús. kr. Hann kvað nauðsyn raunhæfrar lagasetningar, en ekki þess að semja og samþykkja pappírslagg, sem væri til þess eins að hampa á fundum.

Ásgeir Bjarnason bar saman aðstöðu þá, er ungir menn hefðu nú til þess að stofna til bús og verið hefði fyrir 20—30 árum. Kvað hann unga menn nú hafa þúsund möguleika til þess að

hefja stórbúskap með þeim mögu leikum, sem þeim væru nú boðnir. Síðan ræddi hann eftirgjafir þeirra lána er ríkissjóður hefði átt hjá Ræktunarsjóði og Búnaðarbankanum og sem væru framlag út af fyrir sig. Hann benti og á að í fyrirv. ríkisstjórn hefði Ingólfur Jónsson ekki haft áhuga á að bæta hag bænda eins og hann nú vildi að gert væri.

Jón Pálmason benti á að það hefði einmitt verið fyrirv. ríkisstjórn, sem skipað hefði millipinganevnd þá, er samið hefði frumvarpið. Benedikt Gröndal hafði fyrr í umræðunum borið af sér að hafa verið í nefnd er breytti frumvarpinu í það form er það var lagt fyrir þingið, en Jón Pálmason hafði látið orð falla í þá átt. Jón kvaðst ekki fullyrða að Benedikt Gröndal hefði átt sæti í umræddri nefnd. Hins vegar hefði hann sannreynt að fulltrúar í landbúnaðarráðuneytinu hefðu ekki breytt því, og hann kvaðst ekki ætla að landbúnaðarráðherra hefði gert það sjálfur. Einhverjir hefðu þó gert það, en það væri svo með mörg mál og óvinsæl verk. Það vildi enginn við þau kannast.

Að síðustu gerðu þeir Ásgeir Bjarnason og Ingólfur Jónsson stuttar athugasemdir.

Allar breytingartillögur landbúnaðarnefndar voru samþykktar, en tillögur þeirra Jóns Pálmasonar og Gunnars Gíslasonar felldar með 16 atkvæðum stjórnarliða gegn 10 atkvæðum Sjálfstæðismanna.

Frumvarpinu var í heild vísað til 3. umræðu.